



Lúxemborg, 1. ágúst 2019

FRÉTTATILKYNNING 02/2019

Dómur í máli E-7/18 *Fosen-Linjen AS* gegn *AtB AS*

EFTA-DÓMSTÓLLINN VEITIR ANNAÐ RÁÐGEFANDI ÁLIT TIL NORSKRA DÓMSTÓLA VARÐANDI MÁL FOSEN-LINJEN

Með dómi sem kveðinn var upp í dag komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu, að ákvæði (c) liðar 1. mgr. 2. gr. eftirlitstilskipunarinnar¹ (tilskipunin) feli ekki í sér þá kröfu að sérhvert brot á reglum um opinber innkaup sé, eitt og sér, nægjanlegt til þess að baka samningsyfirvaldi skaðabótaskyldu vegna hagnaðarmissis þeirra aðila sem fyrir brotinu verða.

Málið varðar skaðabótakröfu norsks ferjuþjónustufyrirtækis, *Fosen-Linjen AS*, á hendur fyrirtækisins *AtB AS*, sem fer með stjórnun almenningssamgangna í norska héraðinu Sør-Trøndelag, í kjölfar þess að útboði vegna opinberra innkaupa á ferjuþjónustu var aflýst.

Dómstóllinn hafði þegar veitt norskum dómstólum ráðgefandi álit í tengslum við framangreind málaferli (sjá dóm í máli E-16/16). Þar komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu, að einfalt brot á reglum um opinber innkaup nægði í sjálfu sér til þess að baka samningsyfirvaldi skaðabótaskyldu gagnvart þeim aðila sem yrði fyrir tjóni, sbr. ákvæði (c) liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, ef önnur skilyrði skaðabóta væru uppfyllt. Í beiðni um ráðgefandi álit í þessu máli leitaðist Hæstiréttur Noregs eftir svari við því hvort niðurstaða dómstólsins í máli E-16/16 fæli í sér að það væri skylda, samkvæmt (c) lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, að sérhvert brot á reglum um opinber innkaup leiddi, eitt og sér, til skaðabótaskyldu samningsyfirvalds vegna hagnaðarmissis þeirra aðila sem fyrir brotinu verða.

Dómstóllinn taldi að tilskipunin fæli einungis í sér lágmarks samræmingu á löggjöf aðildarríkja. Ákvæði (c) liðar 1. mgr. 2. gr. krefjist þess að aðildarríki tryggi að skaðabætur séu á meðal þeirra úrræða sem standi þeim aðilum, sem verða fyrir broti á reglum um opinber innkaup, til boða. Hins vegar mæli hvorki ákvæðið, né önnur ákvæði tilskipunarinnar, fyrir um skilyrði skaðabótaskyldu.

Dómstóllinn tók fram, að það leiði af meginreglunni um réttarfarslegt sjálfsforræði aðildarríkja, að þegar EES-réttur mælir ekki fyrir um skilyrði skaðabótaskyldu vegna brota á reglum um opinber innkaup, fari um þau skilyrði eftir löggjöf viðkomandi aðildarríkis. Að meginstefnu njóti aðildarríki svigrúms við ákvörðun skilyrða skaðabótaskyldu vegna hagnaðarmissis, sem stafar af brotum á reglum um opinber innkaup, og eins við mat á skaðabótum, að því gefnu að meginreglur EES-réttar um jafnræði EES-réttar og landsréttar, og skilvirka beitingu EES-réttar, séu virtar. Þá tók dómstóllinn einnig fram, að ekki væri tækt að landslögum að útiloka möguleikann á því að veita skaðabætur vegna hagnaðarmissis í tengslum við brot á reglum um opinber innkaup.

Dómstóllinn taldi, að þrátt fyrir að tilskipunin mælti ekki fyrir um skilyrði skaðabótaskyldu, þá leiddi af meginreglunni um skaðabótaskyldu aðildarríkja, að aðildarríki geti, að vissum skilyrðum uppfylltum, borið skaðabótaábyrgð vegna brota á skyldum sínum samkvæmt EES-rétti. Dómstóllinn tók fram, að skilyrðið um að brot aðildarríkis á EES-rétti verði að vera

¹ Tilskipun ráðsins 89/665/EEB frá 21. desember 1989 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerðar opinberra vörukaupa- og verksamninga.

nægjanlega alvarlegt hafi verið talið fullnægjandi til þess að tryggja að réttinda einstaklinga og lögaðila sé gætt.

Í ljósi framangreinds þá komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu, að ákvæði (c) liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar feli ekki í sér þá kröfu að sérhvert brot á reglum um opinber innkaup sé, eitt og sér, nægjanlegt til þess að baka sammingsyfirvaldi skaðabótaskyldu vegna hagnaðarmissis þeirra aðila sem fyrir brotinu verða.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.